



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
GEYMSLA VEGNA SÓTTVARNA
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

ÁGÚST 2010

**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
GEYMSLA VEGNA SÓTTVARNA
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

ÁGÚST 2010



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4 LEIGUSAMNINGUR	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8 VERKLOK	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	4

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leigu-húsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Landlæknisembættið, geymslur vegna sóttvarna, leiguhúsnæði, barst FSR í janúar 2008 þegar Haraldur Briem sóttvarnalæknir, óskaði eftir aðstoð FSR við að finna geymsluhúsnæði fyrir stofnunina.

Húsnæðið átti að nota til geymslu á birgðum sem eru vábirgðir gegn sjúkdómafaraldri en í reglugerð um sóttvarnaráðstafanir kemur meðal annars fram í 17. grein eftirfarandi:

„Sóttvarnalæknir skal hafa umsjón með öryggisbirgðum lyfja og annars nauðsynlegs búnaðar í landinu til að bregðast við heilbrigðisögnun á borð við farsóttir eða aðra vá“.

Ástæðan fyrir því að stofnunin þurfti nýtt geymsluhúsnæði var að húsnæðið sem stofnunin notaði fyrir birgðir var óhentugt og lélegt og var staðsett á nokkrum stöðum á suðvesturhorni landsins en menn vildu hafa birgðirnar á einum stað.

Verkefnið fólst í að gera húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gera leigusamning og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við þarfir.

Verkefnisstjóri hjá FSR var fyrst Karl Ásmundsson en síðar Róbert Jónsson.



Vatnagarðar 10 í Reykjavík.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Ekki var gerð húsrýmisáætlun þar sem þörfin var þekkt en húsnæðið þurfti að rúma 2000 rúmmetra af birgðum sem gert var ráð fyrir að yrði stafað í hillur.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir leiguhúsnæði var tilbúin í júní 2008 og auglýsti Ríkiskaup þá eftir húsnæði fyrir stofnunina. Leigutilboð voru opnuð í júlí 2008 og bárust 11 tilboð frá 9 bjóðendum. FSR yfirfór tilboðin og skoðaði 3 húseignir í samstarfi við starfsmenn Landlæknisembættisins vegna sóttvarnalæknis, heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Í ágúst 2008 var tekið leigutilboði frá Norðurhlíð ehf., Stuðlahálsi 10, 110 Reykjavík, um leigu á geymsluhúsnæði við Vatnagarða 10, 104 Reykjavík.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Landlæknisembættisins v/sóttvarnalæknis og Norðurhlíðar ehf. Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Samningurinn er á milli Norðurhlíðar ehf. og Landlæknisembættisins vegna sóttvarnalæknis. Hann var undirritaður 5. febrúar 2009 og staðfestur af heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Gildir samningurinn til 15 ára en leigjandi getur sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara frá 1. mars 2010.

Hinn leigði eignarhluti er hluti af 1. hæð hússins, samtals 610 fermetrar að stærð. Hið leigða var afhent þann 1. september 2008.



Vatnagarða 10, geymslur til hægri.

5 TENGILÍÐIR OG SAMSKIPTI

Þeir sem önnuðust samskipti milli leigusala og leigjanda, á samnings- og framkvæmdatíma, voru Þórarinn A. Sævarsson, Norðurhlíð ehf. fyrir hönd leigusala og Róbert Jónsson verk-efnastjóri hjá FSR, fyrir hönd leigjanda.

Haldnir voru 7 vinnufundir og 1 úttektarfundur á framkvæmdatímabilinu.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Engir hönnuðir koma að verkefninu þar sem litlar breytingar þurfti að framkvæma á húsnæðinu.

Eftirlit með þeim litlu framkvæmdum sem þurfti þó að gera voru, fyrir hönd leigusala, Þórarinn A. Sævarsson, Norðurhlíð ehf. og fyrir hönd leigjanda, Róbert Jónsson, FSR.



Vatnagarða 10, inngangur.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Litlar breytingar þurfti að gera á geymsluhúsnæðinu til að uppfylla þarfir Landlæknisembættisins vegna sóttvarnalæknis eins og áður segir. Þó þurfti að fjölga hillum, lagfæra rými vegna móttöku/afhendingu á birgðum og ýmislegt fleira.

8 VERKLOK

Landlæknisembættið v/sóttvarnalæknis tók við geymsluhúsnæðinu 1. september 2008.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagreina fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri